

DK/

Reykjavík, 23. febrúar 2015

Ákærendafélagi Íslands hefur borist til umsagnar með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (heimilisofbeldi), 470. mál.

Um 1. gr.:

Í upptalningu virðist vanta 233. gr., sem er almennt ákvæði um hótanir, og reynir gjarnan á í heimilisofbeldismálum. Óvíst er að markmið frumvarpsins nái nægjanlega fram að ganga, ef það verður að lögum í óbreyttri mynd, ef ekki verður vísað til 233. gr. almennra hegningarlaga.

Varað er við því að 1. gr. frumvarpsins verði samþykkt í óbreyttri mynd, að því er varðar upptalningu á XXII. kafla um kynferðisbrot, án frekari tilgreiningar. Í þeim kafla laganna er meðal annars kveðið á um kynferðisbrot gegn börnum, þar með talið sérstök refsíákvæði þegar brotið er gegn börnum sem tengd eru geranda fjölskylduböndum eða nátengd honum á annan hátt, sbr. 200. og 201. gr. almennra hegningarlaga. Þar er kveðið á um þyngri efri mörk refsingar (8 og 12 ár) sem er mun þyngra en gert er ráð fyrir í frumvarpinu (6 ár). Ef 1. gr. frumvarpsins verður að lögum í óbreyttri mynd þá verður misræmi í lögunum sem veldur óvissu við túlkun. Það kann að leiða til þess að dómstólar túlki vafa í þeim efnunum kærða í vil og miði við hin lægri efri refsímörk sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Af greinargerð með frumvarpinu verður fremur ráðið að það sé ekki ætlunin.


Með sömu rökum er varað við því að 1. gr. frumvarpsins verði samþykkt í óbreyttri mynd, að því er varðar upptalningu á XXIII. kafla um manndráp og líkamsmeiðingar, án frekari tilgreiningar. Með 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að ákveðin verði sérstök efri refsímörk (6 ár) ef brot hefur beinst að maka o.fl. Það getur leitt til þess að dæmd verði mun lægri refsing en ella yrði dæmd ef brotið yrði gegn 211. gr. (manndráp) og þolandi væri maki eða annar nákominn. Manndráp varðar almennt fangelsi ekki skemur en 5 ár eða ævilangt. Hið sama er uppi varðandi brot gegn 2. mgr. 218. gr. (stórfelld líkamsárás) sem varðar almennt allt að 16 ára fangelsi. Það getur tæplega verið markmið frumvarpsins að kveða á um lægri refsímörk ef slík alvarleg brot beinast að maka eða öðrum nákomnum sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir er á þessu stigi eindregið varað við lögfestingu 1. gr. frumvarpsins í óbreyttri mynd og er nauðsynlegt að frumvarpið verði tekið til gagngerar endurskoðunar, að þessu leyti, við frekari þinglega meðferð málsins.

Um 2. gr.:

Engar athugasemdir.

Virðingarfyllst,


Jón H. B. Snorrason
formaður

Til nefndasviðs Alþingis:
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 27. febrúar 2015

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (heimilisofbeldi). Þingskjal 778 – 470. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna framkomnu frumvarpi þar sem lagt er til að bætt verði ákvæði við almenn hegningarlög sem lýsir heimilisofbeldi refsivert með afdráttarlausum hætti.

Afar mikilvægt er að vinna gegn heimilisofbeldi og finna leiðir til að stöðva það og ekki síst að koma í veg fyrir að það eigi sér stað. Barnaheill telja það framfaraskref að viðurkenna í lögum að ofbeldi í nánum samböndum sé sérstök tegund brots sem þurfi með skýrum hætti að vera lýst refsivert. Líklegt má telja að fyrir vikið verði fleiri ákærur gefnar út í slíkum málum og að sönnunarkröfur breytist í slíkum málum líkt og hefur gerst hvað varðar kynferðisbrot gegn börnum. Enn fremur má vona að lagasetningin hafi þau áhrif að stuðningur við þolendur heimilisofbeldis aukist almennt í samfélaginu og ekki síst með röggsum og skýrum vinnubrögðum og verklagi lögreglu og félagsþjónustu.

Þó að hingað til hafi verið litið til 3. mgr. 70. gr. hgl. til refsipýngingar í heimilisofbeldisbrotamálum og þannig verið tekin sérstök afstaða til ofbeldis í nánum samböndum við ákvörðun refsingar, þá hefur það táknræna þýðingu að lýsa heimilisofbeldi refsivert í sér hegningarlagaákvæði. Slík viðurkenning í lögum hlýtur að gera lögreglu og ákærvaldi betur kleift að vinna bug á heimilisofbeldi og undirstrikar alvarleika og eðli brotanna.

Þó að markmiðið með slíkri lagasetningu sé fyrst og fremst að uppræta kynbundið ofbeldi, þ.e. ofbeldi þar sem gerandi er að jafnaði karl en þolandi að jafnaði kona, koma börn oft við sögu og er mikilvægt að hagsmunir barna sem verða vitni að heimilisofbeldi verði verndaðir sem sjálfstæðir verndarhagsmunir. Börn sem búa við og eru vitni að heimilisofbeldi eru þolendur ofbeldis, þó þau sjálf verði ekki fyrir líkamlegu ofbeldi. Þá eru ótalin þau mál sem varða beinlínis ofbeldi gegn barni. Þessa staðreynd er mikilvægt að undirstrika og með því ítreka alvarleika heimilisofbeldis fyrir alla fjölskylduna og samfélagið allt. Það er mikilvægt að þessa sé getið í lögskýringargögnum verði frumvarpið að lögum. Í þessu sambandi má visa til nýrrar bókar Guðrúnar Kristinsdóttur og fleiri sem ber nafnið „Ofbeldi á heimili. Með augum barna“ en hún fjallar um rannsókn sem gerð var

um þekkingu barna á ofbeldi á heimilum og viðhorfum þeirra til þess og hins vegar með viðtalsrannsóknnum við börn sem hafa búið við ofbeldi á heimilum sínum, en bókin hefur að geyma fróðleik sem nýst getur sem þekking fyrir vinnslu heimilisofbeldismála þar sem börn koma við sögu. Barnaheill benda á mikilvægi þess að styðja alla sem tengjast heimilisofbeldismálum, bæði þá sem verða fyrir ofbeldi og einnig ofbeldismennina sjálfa til sjálfshjálpar og til að brjótast út úr ofbeldismynstrum. Það þarf að fjölga úrræðum og auka aðstoð við ofbeldismenn. Börn þurfa oft á tíðum sérstakan stuðning til að ná bata af áhrifum þess að búa við ofbeldi og því er afar mikilvægt að hugsa til framtíðar fyrir þau börn sem tengjast heimilisofbeldismálum og veita þeim kost á þjónustu eins og þau þurfa.

Hvað varðar refsirammann sem tilgreindur er í frumvarpinu þá telja Barnaheill það geta sent tvíbent skilaboð að ákvarða refsihámark 6 ár þegar verknaðaraðferð sem um ræðir í máli mætti heimfæra undir ákvæði sem heimilar allt að ævilöngu fangelsi, þ.e. undir 211. gr. hgl. Það má til að mynda ekki rýra alvarleika máls eða refsineymi ef um er að ræða nauðgun, að nauðgunin hafi átt sér stað í parsambandi því 194. gr. hgl. um nauðgun heimilar 16 ára fangelsi. Ákvæðið mætti orða á þann hátt að brot varði við sömu refsingu og mælt er fyrir um í þeim ákvæðum sem vísað er til.

Því má bæta við að frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að fella út ákvæði 3. mgr. 70. gr. en að því þarf að hyggja ef 191. gr. um heimilisofbeldi verður að lögum.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hvetja til þess að þingmenn styðji við að frumvarp þetta verði að lögum, samfélaginu öllu til heilla og ekki sist þeim börnum sem lifa við ofbeldi.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Til nefndasviðs Alþingis.

Hér fyrir neðan er umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (heimilisofbeldi), 470. mál.

F.h. Barnaverndarstofu,
Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu

Bréf

Alþingi, nefndasvið Þórshamri v/Templarasund 150 REYKJAVÍK	Reykjavík, 16. febrúar 2015 2015010052
--	---

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (heimilisofbeldi) - 470. mál

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (heimilisofbeldi) - 470. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 6. febrúar 2015, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (heimilisofbeldi), 470. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Barnaverndarstofa telur í upphafi rétt að taka fram að stofan telur jákvætt að löggjafinn taki mál er varðar heimilisofbeldi sérstaklega til skoðunar, enda um að ræða alvarlegt samfélagslegt mein sem brýnt er að taka á. Fagnar Barnaverndarstofa þar af leiðandi að í hegningarlögum verði ákvæði sem tekur sérstaklega á heimilisofbeldi líkt og lagt er til með 1. gr. frumvarpsins. Jafnframt telur stofan það jákvætt að rannsókn slíkra mála verði ekki lengur háð kæru frá brotþola, sem oft er undir þrýstingi eða geta verið meðvirkir með geranda vegna tengsla við hann.

Barnaverndarstofa telur þó rétt að benda á að orðalag ákvæðisins er mjög almennt sem vekur upp spurningar hvort það uppfyllir skilyrði um skýrleika refsheimilda. Til samanburðar má t.d. benda á ákvæði sænskra og norskra hegningarlaga, sem rakin er í greinargerð með frumvarpinu, sem eru töluvert nákvæmari og skýrari en ákvæði 1. gr. frumvarps þessar. Mælir Barnaverndarstofa með því að orðalag ákvæðisins í frumvarpinu verði skerpt þannig að þar komi fram með ítarlegri hætti tengsl geranda og þolanda hafa aukið á grófleika verknaðarins.

Vegna þess sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu um að það skorti lagaheimildir til þess að fylgja eftir málum eftir þegar frumúrræði dugi ekki til og jafnframt sé nauðsynlegt að huga að börnum sem þurfa að sæta eða horfa upp á ofbeldi á heimilum sínum þá leyfir Barnaverndarstofa sér að benda allsherjarnefnd Alþingis á að í barnaverndarlögum nr. 80/2002 eru ákvæði sem geta nýst til þess að fylgja málum eftir þegar börn eru á heimilinu. Í þessu sambandi bendir Barnaverndarstofa sérstaklega á að í 37. gr. barnaverndarlaga er

sérstakt ákvæði um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann. Samkvæmt ákvæðinu getur barnaverndarnefnd grafist þess fyrir dómi að einstaklingi verði bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðrum hætti í samband við barn eða þungaða konu. ef heilsu eða lífi ófæddis barns þykir stefnt í hættu eða barni háski búinn af háttsemi eða framferði manns, svo sem vegna ofbeldis, ógnana eða hótana eða vegna vímuefnaneyslu eða annars athæfis. Með sama hætti er hægt að krefjast þess að manni verði bönnuð dvöl á heimili ef nefndin telur það nauðsynlegt vegna hagsmuna barns eða þungaðrar konu. Til viðbótar við framangreint ákvæði er það hlutverk barnverndarnefndar að beita þeim úrræðum samkvæmt lögnum til verndar börnum sem best eiga við hverju sinni og þykja heppilegust til að tryggja hagsmuni og velferð barna, sbr. 2. tl. 1. mgr. 12. gr. laganna. Í VI. kafla laganna er svo kveðið á um heimildir barnverndarnefndar til þess að beita þeim úrræðum sem telja heppilegust hverju sinni og geta þau beinst bæði að foreldrum og börnum, s.s. sérfræðipjónustu ýmiss konar eða eftirliti með heimili. Er það mat Barnaverndarstofu að þessi ákvæði séu fullnægjandi til þess að vinna að málunum eftir í kjölfar þess að upp kemur grunur um heimilisofbeldi þar sem börn eru á heimilinu.

Einnig þykir Barnaverndarstofu rétt að vekja athygli á því að vegna tengsla geranda og þolanda í málum sem þessum þá er ekki fullnægjandi að setja mál í farveg hjá réttarvörslukerfinu. Jafnframt er mikilvægt að veita félagslegan stuðning, sérstaklega í þeim tilvikum þar sem fyrir liggur að gerandi og þolandi munu þurfa að eiga í samskiptum í framtíðinni og horfir Barnaverndarstofa þá sérstaklega til þeirra tilvika þar sem gerandi og þolandi eiga börn saman.

Jafnframt vekur Barnaverndarstofa athygli á því að sönnunarstaða kann að vera erfið í málum þar sem þolandi leggst eindregið gegn því að kæra. Í slíkum málum er mikilvægt að veita öflugan félagslegan stuðning samhliða vinnslu málsins innan réttarvörslukerfisins til þess að aðstoða þolanda í að takast á við málið og byggja upp sjálfsöryggi hans og sjálfsmýnd að nýju.

Að lokum telur Barnaverndarstofa mikilvægt að vekja sérstaklega athygli á mikilvægi barnvænlegrar nálgunar í málum þar sem börn eru á heimilinu. Í því sambandi horfir Barnaverndarstofa sérstaklega til mikilvægi þess að þegar heimilisofbeldi kemst upp þá sé tilteknum aðila falið það hlutverk að ræða við börnin á staðnum og forða þeim frá því að verða þátttakendur í vinnslu málsins á staðnum að öðru leyti. Vekur Barnaverndarstofa í þessu sambandi athygli á tilraunaverkefni sem stofan stóð fyrir í þessum efnum á 20 mánaða tímabili á árunum 2011 - 2013 þar sem það var tryggt að sérstakur starfsmaður færi með í öll útköll er varðaði heimilisofbeldi á höfuðborgarsvæðinu þegar börn voru á heimilinu. Hafði þessi starfsmaður það hlutverk að ræða við börnin og veita þeim stuðning á meðan málið var unnið að öðru leyti af félagsráðgjöfum og lögreglu. Hafði sami starfsmaður svo samband innan tveggja sólarhringa til þess að bjóða börnunum viðtal í þeim tilgangi að meta hvort þörf væri á frekari stuðningi við þau og ef svo var sá sami starfsmaður um að veita þann stuðning. Á umræddu 20 mánaða tímabili var farið í útköll vegna 216 barna auk þess sem 80 börnum var vísað í verkefnið vegna tilkynninga sem komu með öðrum hætti en vegna útkalla. Af þessum 296 börnum var talin þörf á því að veita 120 börnum meðferð. Telur Barnaverndarstofa að verkefnið hafi sýnt hversu mikilvægt er að stíga inn í málin hvað börnin varðar strax og upp kemst um heimilisofbeldið svo hægt sé að upplýsa málið og veita börnum sem búa á heimilinu nauðsynlegan stuðning. Nánari upplýsingar um verkefnið má finna í lokaskýrslu verkefnisins, dags. 5. desember 2013. Skýrsluna má finna á eftirfarandi vefslóð á heimasíðu Barnaverndarstofu: <http://www.bvs.is/media/rannsoknir-i-bv/Heimilisofbeldi---skyrsla-um-tilraunaverkefni.pdf>.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu



Kvenréttindafélag Íslands

2. mars 2015
Hallveigarstöðum, Reykjavík

Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (heimilisofbeldi) þingskjal 778 - 470. mál.

Kvenréttindafélag Íslands fagnar því að með þessu frumvarpi sé nú sett inn í almennu hegningarlögin sérstök grein sem tekur til heimilisofbeldis, að fyrirmynd Svíþjóðar og Noregs.

Birtingarmyndir heimilisofbeldis eru margar, og brot framin gegn nákomnum þurfa og eiga að hafa sérstöðu í lagabálki okkar til að viðurkenna alvarleika þeirra og auðvelda löggjafarvaldinu að taka á þessari samfélagsvá.

Kvenréttindafélag Íslands fagnar sérstaklega að með þessum breytingum er það lagt í hendur lögreglu að kæra sjálfkrafa brot á nálgunarbanni, í stað þess krefjast þess að brotþoli biðji um að mál sé höfðað.

Við gerum þó athugasemd við 2. grein b. í þessu frumvarpi, sem kveður á um að brot gegn ákvæðum í 230. grein og 231. grein skuli aðeins sæta ákæru ef sá eða sú sem misgert var við krefst þess.

231. grein almennra hegningarlaga hljóðar svo: „Ef maður ryðst heimildarlaust inn í hús eða niður í skip annars manns, eða annan honum óheimilan stað, eða synjar að fara þaðan, þegar skorað er á hann að gera það, þá varðar það sektum eða [fangelsi] allt að 6 mánuðum. Þó má beita ... fangelsi allt að 1 ári, ef miklar sakir eru, svo sem ef sá, sem brot framdi, var vopnaður eða beitti ofbeldi eða hótun um ofbeldi eða brot er framið af fleirum saman.“

Teljum við að ótækt að ákæra á brotum gegn 231. grein skuli háð því að sá einstaklingur sem misgert er við krefjist hennar. Algeng birtingarmynd heimilisofbeldis er ofbeldi gegn fyrrum eiginkonu, sambýliskonu eða barnsmóður. Slíkt ofbeldi á sér einmitt oft stað með þeim hætti að gerandi ræðst inn á heimili brotþola. Teljum við sjálfsagt að færa skuli þessa grein inn í 242. grein, 1. tölulið, og leggja á ábyrgð yfirvalda að kæra þessi brot.

Kvenréttindafélag Íslands hvetur Alþingi áfram til starfa að bæta ákvæði hegningarlöggjafarinnar sem beinast gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi, og í störfum sínum að uppfylla þjóðréttarlegar skuldbindingar okkar til að fullgilda Istanbúlsáttmálann.



LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2015

Tilvísun: 201502-0295 / 06.00

Efni: Umsögn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 með síðari breytingum (heimilisofbeldi), þingskjal nr. 778–470. mál.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu (LRH) fagnar fram komnu frumvarpi um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (hgl.) er varðar heimilisofbeldi. Telur LRH að fram komið frumvarp sé mjög til bóta til að lögfesta sérstakt ákvæði um heimilisofbeldi sem tekur af allan vafa um alvarleika þess meins sem heimilisofbeldi er fyrir íslenskt samfélag. Undanfarin ár hefur lögregla ásamt félagsmálayfirvöldum gert gangskör í að breyta verklagi þeirra og aðkomu að málum er varða heimilisofbeldi í því skyni að tryggja öryggi borgaranna og leggja sitt af mörkum við að vinna gegn þeirri lýðheilsulegu vá sem heimilisofbeldi er. Að mati LRH mun það hafa verulega styrkjandi áhrif fyrir meðhöndlun málaflokksins í refsivörslukerfinu að lögfesta ákvæðið. Í dag er enginn greinarmunur gerður á brotum milli nákominna og annarra aðila ef frá er talin 3. mgr. 70. gr. hgl.

Nokkrar athugasemdir eru gerðar af hálfu LRH á framangreint frumvarp:

1. Ljóst er að tilvísun til 233. gr. hgl., hótanir, skortir í ákvæði 1. gr. frumvarpsins. Að mati LRH er nauðsynlegt að ákvæðið taki til þess ákvæðis sem oft reynir á í nánum samböndum.
2. Það skal ítrekað að nauðsynlegt er að taka af allan vafa um að brot sem framin eru í nánum samböndum og milli nákominna séu ekki háð kærðu aðila. Þar sem heimilisofbeldi líðst er gjarnan mikil afneitun og meðvirkni við lýði auk þess sem brotþolar eiga erfitt með og forðast gjarnan að taka þá ákvörðun að kæra geranda fyrir slíka háttsemi. Verður að telja afstöðu brotþola eðlilega miðað við hve náinn hann er geranda í þessum málum og því full þörf á að taka forræði málanna af þeim. Á þetta einkum við í þeim brotum sem lúta að 217., 233. og 257. gr. hgl. Taka þarf einnig sérstakt tillit til hagsmuna barna vegna heimilisofbeldis og þær gríðarlegu afleiðingar sem það hefur á börn að búa á heimilum þar sem ofbeldi líðst en talið er að jafn skaðlegt sé að búa við slíkar aðstæður og að verða fyrir beinu ofbeldi sjálfur.
3. Að mati LRH er nauðsynlegt að skýra nákvæmlega hvað átt er við með orðalagi 1. mgr., „og tengsl þykja hafa aukið á grófleika verknaðarins“. Að mati LRH á ávallt að vera dæmt eftir hinu nýja ákvæði séu tengsl og tilgreind brot til staðar.

4. Að mati LRH er jafnframt nauðsynlegt að útlista í greinargerð með lögunum hvað átt er við með „nákominn“ geranda. Hefur það brugðið við að áreitni og álag hefur beinst gegn þriðja aðila sem „nákominn“ er brotþola í því skyni að ónáða og raska friði brotþola og koma til hans skilaboðum. Nauðsynlegt er að réttarstaða þeirra aðila sé skýrð og hugtakið skilgreint. Í þeim tilvikum sem reynt hefur á það fyrir héraðsdómi vegna fyrirtöku á kröfu um nálgunarbann hefur því verið hafnað vegna þessa atriðis og að ekki voru beinar hótanir/ógnanir gegn brotþola heldur óbeinar en jafnframt eru dæmi um mál á síðustu árum þar sem þriðji aðili hefur verið ráðinn bani af hendi fyrri maka vegna afbrýðisemi.
5. LRH fagnar mjög tilkomu 2. gr. frumvarpsins sem beinlínis hefur háð málaflokknum við afgreiðslu á brotum á nálgunarbanni af sömu ástæðu og getið er um í lið 2 að ofan. Er það mat embættisins að nauðsynlegt sé að samþykkja það ákvæði án tafar svo unnt sé að vinna að málaflokknum eins og löggjafinn gerði ráð fyrir við setningu laganna um brottvísun og nálgunarbann nr. 85/2011. Var við setningu þeirra laga gert ráð fyrir að margir aðrir en brotþolar gætu óskað nálgunarbanns og brottvísunar af heimilum en ákvæði 242. gr. var eigi breytt til samræmis við þau sérlög þrátt fyrir að 232. gr. sömu laga hafi verið breytt en svo virðist sem ákvæðið hafi gleymst við lagabreytingarnar.

LRH vill af þessu tilefni tiltaka nokkur atriði sem löggjafar- og framkvæmdarvaldið má gjarnan huga að í þeirri vinnu að sporna við heimilisofbeldi í íslensku samfélagi.

- í fyrsta lagi er það mat embættisins að tryggja þurfi fjármagn og úrræði, bæði fyrir þolendur, gerendur og sérstaklega fyrir börn en í dag eru slík úrræði af mjög skornum skammti.

- í öðru lagi er það mat LRH að skýra þurfi lagaheimildir til öflunar viðkvæmra persónuupplýsinga í málaflokknum og samkeyrslu gagna svo unnt sé að halda nákvæma tölfræði í málaflokknum og tryggja að persónuupplýsingarnar séu geymdar á réttum stöðum og hlutaðeigandi yfirvöld séu ekki að afla meiri gagna en nauðsynlegt er en öll vinnsla og miðlun upplýsinga úr málaflokknum er byggð á lögum í því skyni, sérstaklega, að tryggja öryggi borgaranna. Með vísan til þessa er það mat LRH að nauðsynlegt sé fyrir lögreglu, félagsþjónustu, skólayfirvöld, heilbrigðisyfirvöld og e.t.v. fangelsismálastofnun að eiga kost á lögmatum samráðsvettvangi í heimilisofbeldismálum þar sem heimilt sé að ræða um einstök mál í því skyni að finna áhættumestu málin og lágmarka áhættu og tryggja öryggi.

- í þriðja lagi er rétt að víkja örstutt að öðrum hugsanlegum lagabreytingum til framtíðar:


a) Nauðsynlegt er að tryggja hagsmuni barna eins og áður hefur verið vikið að og sérstaklega að geta um að ákvæði 98. og 99. gr. barnaverndarlaga séu einnig ætluð til varnar þeim börnum sem búa við heimilisofbeldi og jafn skaðlegt, hvort heldur sem börnin verða vitni eður ei.

b) Nauðsynlegt er að skýra réttarstöðu þeirra þolenda sem fengið hafa nálgunarbann eða brottvísun af heimili á geranda en gerandi neitar að skilja við eða skilja að skiptum (s.s. að ganga frá eignaskiptum, forsjá barna o.þ.h.) og geta því ekki fengið réttarstöðu sem einstæðir eða einstæðir foreldrar og þar af leiðandi fengið þá aðstoð sem þeim ber. Þeir verða því hálfpartinn „fangar kerfisins“.

c) LRH telur nauðsynlegt að skýra frekar ákvæði 123. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, sem dómáram hafa verið mjög tregir við að viðurkenna gagnvart brotþola heimilisofbeldis. Ákvæðið hljóðar svo: Dómari getur samkvæmt kröfu ákæranda eða vitnis ákveðið að ákærða verði vikið úr þinghaldi meðan það gefur skýrslu ef dómari telur að nærvera ákærða geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar og haft áhrif á framburð þess.

Það ítrekast að LRH fagnar því sérstaklega að frumvarpið skuli vera komið fram enda er það mat LRH að það sé til þess fallið að auka réttaröryggi borgaranna, vernd og úrræði til handa aðilum máls.

F. h. l.



Alda Hrönn Jóhannsdóttir
aðstoðarlögreglustjóri



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444 2200

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Umsögn embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum vegna þingskjals nr. 778– 470. mál.

Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum (hér eftir nefnt LSS) lýsir hér með yfir ánægju sinni með að framangreint frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 með síðari breytingum (heimilisofbeldi) sé komið fram. Að mati LSS eru þær breytingar sem reifaðar eru í frumvarpinu jákvæðar og til þess fallnar að efla úrræði lögreglu og ákærvalds enn frekar við vinnslu mála þar sem grunur leikur á um að um sé að ræða heimilisofbeldi. Einnig má ætla að frumvarpið sé til þess fallið að auka réttaröryggi brotþola, vernd og úrræði til handa honum. Tekur LSS heils hugar undir þau sjónarmið sem frumvarpið byggir á og þær forsendur sem raktar eru í greinargerð þess og athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

LSS hefur eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir:

1. LSS vekur athygli á að í 1. gr. frumvarpsins virðist ekki gert ráð fyrir því að brot gegn 233. gr. almennra hegningarlaga (hótun) verði hluti af verðandi 191. gr. Frumvarpið gerir einungis ráð fyrir því að brot gegn 233. gr. b. falli undir greinina. Telur LSS mikilvægt að hótunarbrot, t.d. um líkamsmeiðingar eða annan refsiverðan verknað verði hluti af 1. gr. frumvarpsins. Er það reynsla LSS í málum er varða heimilisofbeldi að hótanir, skv. 233. gr. almennra hegningarlaga, fylgja gjarnan þegar annars konar ofbeldi á í hlut. Samkvæmt talningu brota fyrir árið 2014 reyndust hótanir vera þáttur í tæpum þriðjungi brota þar sem um var að ræða heimilisofbeldi.

2. Í athugasemdum um 1. gr. frumvarpsins er m.a. rakið að ákvæði 1. gr. „*taki til brota í samskiptum maka, fyrrverandi, þ.e. hjóna sem eru skilin og sambúðarfólks, barna og annarra nákominna. Það er því áskilið að nán félagsleg tengsl séu á milli aðila og horft er sérstaklega til þess að um fjölskyldutengsl er alla jafna að ræða.*“ Að mati LSS er brýnt að skilgreina hugtakið „annarra nákominna“ með skýrum hætti og hverjir kunni að falla þar undir, sbr. 2. gr. um tengsl aðila í verklagsreglum ríkislögreglustjóra um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála frá 2. desember 2014. Telur LSS þannig brýnt að hugtakið „annarra nákominna“ nái einnig til skyldmenna brotþola, t.d. foreldra, systkina og annars frændfólks og til annarra sem kunna að vera nákomnir brotþola án þess að um fjölskyldutengsl sé að ræða, t.d. þannig að hugtakið nái einnig til vina brotþola.

Er það reynsla LSS í málum þar sem geranda hefur verið gert að sæta nálgunarbanni og eða brottvísun af heimili að í einhverjum tilfellum kann gerandi að virða þær takmarkanir sem honum hafa verið settar varaðandi samskipti við brotþola. Það að gerandi virði takmarkanir gagnvart brotþola sjálfum felur hins vegar ekki í sér tryggingu fyrir því að gerandi nái ekki til brotþola með öðrum hætti, t.d. með því að yfirfæra áreiti sitt yfir á aðila sem kunna að standa brotþola nærri. Með þeim hætti getur gerandi haldið áreiti sínu áfram gagnvart brotþola með óbeinum hætti með því að áreita þá sem standa brotþola nærri sem þannig verða einskonar milliliðir í því ástandi sem skapast hefur á milli geranda og þolanda. Þannig virðast núgildandi lög og reglur ekki ráð fyrir því með skýrum hætti að hægt sé að gera geranda óheimilt að setja sig í samband við og áreita t.d. við vini eða fjölskyldumeðlimi brotþola samhliða því þegar honum hefur verið gert að sæta nálgunarbanni gagnvart brotþola.

Brekustígur 39
260 Reykjanesbær

- Yfirstjórn
- Fjármál og skrifstofuhald
- Logfræðisvið
- Rannsóknardeild
- Fikniefnateymi

Hringbraut 130
230 Reykjanesbær

- Almenn deild

Flugstöð Leifs Eiríkssonar
Keflavíkurflugvöllur

- Flugstöðvardeild

Víkurbraut 25
240 Grindavík

- Hverfastöð

Strandgata 17
245 Sandgerði

- Hverfastöð

Sunnubraut 4
250 Garður

- Hverfastöð

Hafnargata 17
190 Vogar

- Hverfastöð

Skógarbraut 945
235 Reykjanesbær

- Hverfastöð

P. P. E.
1/2



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444 2200

3. Að lokum hvetur LSS til þess að Alþingi beiti sér og leggi aukna áherslu á að aukið verði við úrræði til handa þeim sem orðið hafa fyrir heimilisofbeldi með beinum og óbeinum hætti, t.d. fyrir brotþola, börn þeirra og aðra þá sem eru brotþola nákomnir. Að sama skapi telur LSS afar brýnt að lögð verði áhersla á að gerendum verði veitt úrræði við hæfi, t.d. að þeim standi til boða sálfræðiaðstoð sem sniðin er að hverjum og einum, meðferðarúrræði t.d. vegna vímu- og áfengisfíknar o.s.frv.

LSS telur að í kjölfar frumvarpsins sem hér er til umfjöllunar, þar sem úrræði lögreglu og ákærvalds eru, að mati LSS, komin í góðan farveg, verði lögð aukin áhersla á forvarnir og þær aðstæður sem upp kunna að koma í kjölfarið. Þannig telur LSS afar brýnt að Alþingi og framkvæmdarvaldið beiti sér fyrir auknum forvörnum í þessum málaflokki og að gerðar verði lagabreytingar á þann veg að samstarf verði aukið á milli þeirra aðila sem að heimilisofbeldismálum koma. LSS hefur að undanfögnu rekið sig á að við vinnu í málaflokki hafa borið á því að ýmsar reglur er varða trúnað hafa hamlað því að lögregla og aðrir aðilar geti miðlað upplýsingum sín á milli varðandi gerendur og þolendur. Þannig gera núgildandi lög ekki ráð fyrir því að lögregla og heilbrigðiskerfið geti miðlað upplýsingum sín á milli í þeim tilvikum þegar grunur leikur á um að heimilisofbeldi hafi staðið yfir í lengri tíma. Í aðstæðum sem þessum kann að vera að heilbrigðiskerfið búi yfir upplýsingum um að brotþoli eigi sér langa sögu um komur á heilbrigðisstofnanir vegna áverka sem grunur leikur á að hafi verið afleiðingar ofbeldis. Í tilvikum sem þessum hafa heilbrigðisstarfsmenn ekki heimildir til að tilkynna lögreglu um grun þeirra um að ofbeldi hafi verið beitt. Í þessu samhengi er þess vert að geta að lögreglu ber skylda til að tilkynna barnaverndaryfirvöldum um að grunur leiki á um að börnum sé hættu búin á heimili sínu eða að þau hafi verið beitt ofbeldi. Að sama skapi geta barnaverndaryfirvöld beint kærnum til lögreglu vegna brota gegn börnum. Þá ber heilbrigðisstarfsmönnum jafnframt að tilkynna til barnaverndaryfirvalda, ekki til lögreglu, þegar grunur er um að barn hafi verið beitt ofbeldi. Í stuttu máli og með nokkurri einföldun má segja að lögregla megi og eigi í vissum tilvikum að ræða við barnaverndaryfirvöld. Barnaverndaryfirvöld mega setja sig í samband við lögreglu, t.d. með því að beina kæru til lögreglu. Lögregla má ekki ræða við heilbrigðisþjónustuna en heilbrigðisþjónustan má og er í vissum tilvikum skylt að hafa samband við barnaverndaryfirvöld en má ekki hafa samband við lögreglu.

Til að ná böndum yfir heimilisofbeldi í samfélaginu telur LSS afar brýnt að lögreglu, félagsþjónustu, barnaverndaryfirvöldum, skólafyrirvöldum, heilbrigðisstarfsmönnum og jafnvel fangelsismálafyrirvöldum verði í ákveðnum tilvikum heimilt að ræða einstök mál og miðla upplýsingum sín á milli þegar grunur leikur á um að heimilisofbeldi hafi beitt eða hættu sé á að því verði beitt. Til að vinna í málaflokki verði markvissari telur LSS að nauðsynlegt verði að öllum þeim stofnunum sem aðkomu hafa að málaflokki verði gert kleift að vinna saman. Í því sambandi er nauðsynlegt að heimildir til miðlunar upplýsinga verði skýrar í lögum.

Reykjanesbæ, 23. febrúar 2015,

Ólafur Helgi Kjartansson
lögrelustjóri

Brekkustígur 39
260 Reykjanesbær
• Yfirstjórn
• Fjármál og skrifstofuhald
• Logfræðisvið
• Rannsóknardeild
• Fikniefnateymi

Hringbraut 130
230 Reykjanesbær
• Almenn deild

Flugstöð Leifs Eiríkssonar
Keflavíkurflugvöllur
• Flugstöðvardeild

Víkurbraut 25
240 Grindavík
• Hverfastöð

Strandgata 17
245 Sandgerði
• Hverfastöð

Sunnubraut 4
250 Garður
• Hverfastöð

Hafnargata 17
190 Vogar
• Hverfastöð

Skógarbraut 945
235 Reykjanesbær
• Hverfastöð

Ólafur Helgi Kjartansson
2/2



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. febrúar 2015.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til breytinga á hegningalögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (heimilisofbeldi). 144. löggjafarþing 2014–2015. Þingskjal 778—470. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) styður fyrirbyggjandi frumvarp og fagnar því að varpa skal sterkara ljósi á að ofbeldisbrot eru alvarlegri ef tengsl geranda við þolanda er náíð, heldur en almennt er um ofbeldisbrot. MRSÍ hefur trú á að með lagabreytingunni náist þau markmið, sem tilgreind eru í greinargerð með frumvarpinu, þ.e. að vernda þolendur enn frekar og minnka tíðni ofbeldis í nánnum samböndum á Íslandi. Með frumvarpinu er, góðu heilli, farið enn lengra frá þeirri úreltu hugmynd að heimilisofbeldi sé fjölskyldumálefni einstaklinga.

Þær breytingar sem frumvarpið leggur til, miða að því að fullgilda samning Evrópuráðsins um að koma í veg fyrir og berjast gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi, svokallaðan Istanbúlsamning, sem íslensk stjórnvöld undirrituðu árið 2011. Með samningnum og því lagafrumvarpi sem hér er til um umsagnar, er verið að styrkja framkvæmdavaldið til að meðhöndla heimilisofbeldi sem alvarlegt samfélagslegt valdamál. Bent skal á að stjórnvöldum ber að vinna gegn heimilisofbeldi og vernda þolendur þess, ekki aðeins vegna fyrirhugaðrar fullgildingar Istanbúls samningsins, heldur vegna þess að alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar sem ríkið hefur þegar undirgengist og fullgilt krefjast þess. Þannig hefur nefndin sem starfar á grundvelli Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna (CSW), slegið því föstu að kynbundið ofbeldi falli undir samninginn. Eins hefur nefnd Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum (CAT), sem starfar á grundvelli samnings Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, skilgreint heimilisofbeldi sem pyndingar, sem þannig falla undir gildissvið samningsins (almenn athugasemd nefndarinnar nr. 2, útgefin 23. nóvember 2007).

Í greinargerð er tekið fram að þolendur heimilisofbeldis sýni oft einkenni meðvirkni og af þeirri ástæðu þurfi stjórnvöld að ákveða hvort kæra eigi geranda. MRSÍ telur afar jákvætt að ábyrgð á kæru skuli létt af þolanda en vill í þessu samhengi benda á að reynslan hefur sýnt að þolanda heimilisofbeldis er hvað mest hætta búin þegar hann (hún) reynir að brjótask út úr sambandinu við gerandann og að um víða veröld gjalda konur hugrekki sitt með lífi sínu. Svo



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

sem að framan greinir hefur heimilisofbeldi verið skilgreint sem pyntingar og viðbrögð þolanda heimilisofbeldis eru því viðbrögð þolanda pyntinga og er því talsverð einföldun að færa verndarviðbrögð þolanda heimilisofbeldis undir hatt hugtaksins meðvirkni.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

RÍKISSAKSÓKNARI

SJF/

Tilv.: 201502-0043

Reykjavík, 21. febrúar 2015

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um almenn hegningarlög (heimilisofbeldi) 470. mál.

Refsiréttarnefnd, sem ríkissaksóknari á sæti í, hefur um skeið haft til umfjöllunar erindi innanríkisráðuneytisins þess efnis að nefndin vinni frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum „...þar sem heimilisofbeldi verði skilgreint sem sérstakt brot, svo sem gert er í refsilöggjöf í Noregi.“, eins og segir í bréfi ráðuneytisins dags. 17. janúar 2013. Vinna nefndarinnar er á lokastigum og telur ríkissaksóknari rétt að fresta afgreiðslu ofangreinds frumvarps þar til tillaga refsiréttarnefndar liggur fyrir.

Sigríður J. Friðjónsdóttir
ríkissaksóknari



Nefndasvið Alþingis (nefndasvid@althingi.is)

Póstfang:
Hverfisgata 6
150 Reykjavík

Sími:
530-1600
Netfang: rsak@tmd.is

Bréfsími:
530-1606

Kennitala:
530175-0229



Umsögn Stígamóta um frumvarp um heimilisofbeldi Þingskjal 778 — 470. Mál

Stígamót fagna því að þverpólitísk samstaða fólks úr öllum flokkum hafi myndast um að bæta lagaumhverfi í ofbeldismálum. Um fá málefni ætti að vera auðveldara að sameinast og vonumst við til að áframhald verði á, því ýmislegt er enn ógert í málaflokknum. Stígamót styðja tillöguna og líta svo á að hún endurspegli skilning á eðli heimilisofbeldis. Það tók mörg ár að knýja á um lagaákvæði um nálgunarbann og brottvísun af heimili og brýnt að gera það sem gera þarf til þess að ákvæðin nýtist.

Við höfum fáar athugasemdir fram að færa. Í frumvarpinu segir m.a. ; „*Polendur heimilisofbeldis sýna oft einkenni meðvirkni. Frumvarpinu er ætlað að koma í veg fyrir að það sé einungis á valdi polenda ofbeldis að ákveða hvort kært sé í slíkum málum*“ og á öðrum stað „*Polendur heimilisofbeldis eru í viðkvæmri stöðu og geta sýnt einkenni meðvirkni.*“

Við erum sammála því að lögregla eigi að geta kært brot á nálgunarbanni og brottvísun af heimili, en málið er flóknara en svo að einungis meðvirkni komi í veg fyrir að konur kæri slík brot. Almenna reglan er að konur gera það sem þær geta til þess að losa sig úr ofbeldissamböndum, þó það virki ekki þannig við fyrstu sýn. Það hefur margoft komið fram í ýmsum rannsóknum að í ofbeldissamböndum er hættan á ofbeldi aldrei meiri og ofbeldið aldrei alvarlegra en þegar konur reyna að brjótast út úr þeim. Þetta vita konur mætavel og skilja að þær gætu jafnvel sett sjálfar sig í lífshættu með hvers kyns hegðun sem gæti aukið reiði ofbeldismannsins. Þess vegna getur það verið rökréttara en það sýnist að espa þá ekki um of og ástæðan er oft ekki meðvirkni heldur skynsemi. Það er því mikilvægt að aðrir geti gripið inn og kært brot, þegar konum er það ókleift. Við mælum því með breytingu á orðalagi, þannig að stöðu brotþola sé sýnd virðing og skilningur.

Í greinargerð með frumvarpinu er kærkomin tilvísun í Istanbúlsáttmálann sem Ísland á eftir að fullgilda. Istanbúl sáttmálinn hefur verið kallaður hinn gullni mælikvarði á meðferð ofbeldismála í aðildarríkjunum og fullgiltur verður hann eitthvert besta verkfæri sem við höfum til þess að stöðva ofbeldi. Vitnað er í úttekt Mannréttindastofnun HÍ, lögreglu og alþjóðlegra eftirlitsaðila með skuldbindingum Íslands og ályktað að litlar breytingar þurfi að gera til þess að fullgilda samninginn.

Stígamót vilja bæta við að heilmikla heimavinnu þarf að gera til þess að við getum fullgilt sáttmálann með stolti. Istanbúlsamningurinn gerir m.a. ráð fyrir að nauðgunarákvæði aðildarlandanna byggji á að nauðganir miðist við skort á samþykki en ekki þvinganir og ofbeldi. Ástæðan er auðvitað sú að allir eiga að búa við kynfrelsi við allar aðstæður og brot á því er nauðgun. Við skorum á flytjendur þessa frumvarps að halda samstarfinu áfram og sameinast um breytingu á nauðgunarákvæðinu líka. Stígamót tóku þátt í úttekt European Women's Lobby á stöðu og meðferð nauðgunarmála í Evrópu og niðurstaðan var sú að ekkert Evrópuland uppfyllti öll viðmið sáttmálans um nauðganir, sbr. <http://www.womenlobby.org/Publications/Reports/article/2013-ewl-barometer-on-rape-report?lang=fr> Við heitum samvinnu við áframhaldandi vinnu og lýsum ánægju með það sem þegar hefur verið gert.

Reykjavík 9.2.2015

Guðrún Jónsdóttir

talskona Stígamóta

Efni: Frumvarp til almennra hegningarlaga (heimilisofbeldi), 470. mál

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 6. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreint frumvarp.

Heimilisofbeldi hefur verulega neikvæð áhrif á velferð barna, hvort sem það beinist beinlínis gegn þeim sjálfum eða einhverjum nákomnum. Er því brýnt að tryggja börnum sérstaka vernd gegn slíku ofbeldi, sbr. meðal annars 19. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Umboðsmaður barna telur tímabært að lögfesta sérstakt ákvæði í almenn hegningarlög nr. 19/1940 þar sem lögð er refsing við heimilisofbeldi. Lögfesting slíks refsíákvæðis myndi ekki einungis auka refsivernd þolenda heimilisofbeldis heldur jafnframt fela í sér mikilvæga stefnuyfirlýsingu um alvarleika slíks ofbeldis.

Að gefnu tilefni vill umboðsmaður barna benda á mikilvægi þess að þau börn sem búa við heimilisofbeldi fái ávallt þá aðstoð og þann stuðning sem velferð þeirra krefst. Má í því sambandi vekja athygli á tilraunarverkefninu „Þjónusta við börn sem búa við heimilisofbeldi“ sem Barnaverndarstofa stóð frá árinu 2011 til 2013, samstarfsverkefni félagsþjónustunnar og lögreglunnar á Suðurnesjum sem hófst árið 2013 og samvinnuverkefninu „Saman gegn ofbeldi“, sem Reykjavíkurborg og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hófu fyrir á þessu ári. Þessi verkefni miða meðal annars að því að tryggja að starfsmaður barnaverndar fari ávallt með lögreglu í útkall vegna heimilisofbeldis þegar börn eru á heimilinu. Umboðsmaður barna telur mikilvægt að slíkt verklag verði tekið upp í öllum sveitarfélögum, þannig að öll börn sem búa við ofbeldi fái sambærilega aðstoð, án tillits til búsetu. Það getur skipt sköpum fyrir líðan og heilsu barns að fá stuðning um leið og lögregla er kölluð á heimili þeirra vegna ofbeldis. Sá fagaðili sem mætir á staðinn er í góðri aðstöðu til þess að meta þörf barnsins á áframhaldandi aðstoð og getur betur fylgt málinu eftir. Umboðsmaður barna hefur þó áhyggjur af því að í framkvæmd virðist áframhaldandi aðstoð og ráðgjöf fyrir barnið almennt háð því að foreldrar veiti samþykki. Ljóst er að foreldrar sem eru gerendur eða þolendur heimilisofbeldis eru oft illa í stakk búnir til þess að sinna skyldum sínum gagnvart börnum sínum. Telur umboðsmaður barna því mikilvægt að tryggja að börn geti fengið aðstoð og stuðning, óháð samþykki foreldra.

Virðingarfyllst,

Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna